
Gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs. í Álfsnesi, Reykjavík Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs. í Álfsnesi, Reykjavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingar- og framkvæmdaleyfum Reykjavíkurborgar og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Áður en leyfi eru veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur og deiliskipulag sem gerir grein fyrir framkvæmdinni.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að SORPA bs. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. mars 2014.

Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 17. desember 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá SORPU bs. um fyrirhugaða gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi, Reykjavík samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.br. og lið 11 j. endurvinnslustöðvar í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 4. febrúar 2014, Mosfellsbæ með bréfi dags. 17. janúar 2014, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 31. janúar 2014, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 15. janúar 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. janúar 2014. Frekari upplýsingar bárust frá SORPU bs. með bréfum dags. 22 janúar og 7. febrúar 2014.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur að SORPA bs. hafi sótt um stækkun á athafnasvæði í Álfsnesi fyrir gas- og jarðgerðarstöð aðlægt urðunarstað sínum. Gert er ráð fyrir því að gas- og jarðgerðarstöðin geti tekið á móti allt að 30 þúsund tonnum af formeðhöndluðum heimilisúrgangi og 5-10 þúsund tonnum af fljótandi lífrænum úrgangi frá matvælaíðnaði á ári. Einnig er gert ráð fyrir að í stöðinni megi jarðgera lyktarsterkan úrgang í sérstöku kerfi.

Framkvæmd og starfsemi. Fram kemur að sorpið verði forunnið, sem felst í því að sorppokar verða opnaðir, málmar o.fl. skilið frá og úrgangurinn hakkaður í stærð sem hentar fyrir gasgerðina. Forvinnslan mun fara fram í Gufunesi og úrgangurinn svo fluttur tilbúinn til meðhöndlunar í gas- og jarðgerðarstöðina í Álfsnesi.

Reist verður móttökubygging fyrir heimilisúrgang, um 1.100 m² að grunnfleti og allt að 7 m há, þar sem tekið verður á móti formeðhöndluðum úrgangi fyrir stöðina og hann blandaður stoðefnum.

Jafnframt verður reistur móttökusalur fyrir lyktarsterkan úrgang, um 460 m² að grunnfleti og allt að 7 m hár, við hlið aðalmóttökubyggingarinnar. Þar verður tekið við fljótandi úrgangi og lyktarsterkum úrgangi í loftræstum móttökusal. Aðstaða verður til að aka bílum með úrgang inn í móttökuna og loka á meðan úrgangur er losaður. Lyktarsterkur úrgangur eins og ristarúrgangur frá skólphreinsistöðvum verður blandaður með stoðefnum og settur í jarðgerðargám, sem síðan verður komið fyrir á sérstöku jarðgerðagámastæði við hlið hússins. Loft frá móttökusal og jarðgerðargámum verður hreinsað í tveggja þrepa ferli. Gert er ráð fyrir að á bak við móttökubyggingu verði 20 vinnslukrær, steinsteyptar einingar í tveimur samsíða röðum, sem verði 5 m háar og alls 2.400 m² að grunnfleti. Þangað verður blanda úrgangs og stoðefna flutt og gasgerðarferlið mun eiga sér stað í þremur þrepum. Þegar jarðgerðarferlið er langt komið er króin opnuð og hálfþroskaður jarðvegsbætirinn fluttur í yfirbyggðar þroskunarkrær þar sem hann þroskast áfram í nokkra mánuði. Gert er ráð fyrir 10 þroskunarkróm, samtals um 2.040 m² að grunnfleti og 7 m háum. Frá móttökurými með fljótandi og lyktarsterkan úrgang verður úrgangur íblandaður stoðefnum settur í sérstaka jarðvegsgáma, komið fyrir á stæði og þeir tengdir við loftsog. Jarðgerður úrgangur verður svo losaður og urðaður.

Hauggas sem myndast við vinnsluna verður flutt í gasgerðatanka. Endanlegur fjöldi fer m.a. eftir áhættumati rekstrar, en mikilvægt er að jafnvel þó gerjun stöðvist af einhverjum ástæðum í einum tanki haldi gasframleiðsla engu að síður áfram og skaffi nægilegt gas til notenda. Stærð gasgerðartanka er áætluð um 3.000 m³, en grunnflötur er um 380 m² og hæð um 8 m. Áætlanir gera jafnframt ráð fyrir sérstökum gastanki til geymslu á gasi sem verði um 1.000 m³. Slíkur tankur er um 125 m² að grunnfleti og 8 m hár.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir lífrænni síu fyrir hverjar fimm vinnslukrær, samtals fjórar í stöðinni, þar sem grunnflötur hverrar verður um 25 m² og hæð um 2 m. Á sama hátt verða tvær lífrænar síur fyrir þroskunarkrærnar. Einnig er gert ráð fyrir um 250 m² húsnæði undir starfsmannaáðstöðu og rannsóknastofu með aðstöðu til mælinga vegna eftirlits með starfsemi stöðvarinnar. Í samræmi við

eigendasamkomulag verði kannað hvort ástæða sé fyrir uppsetningu stromps eða loftháfs til að minnka líkur á lyktarmengun.

Gert er ráð fyrir athafnasvæði til meðhöndlunar jarðvegsbætis. Áformað er að plön verði alls 2.600 m² til sigtunar og annarrar meðhöndlunar jarðvegsbætis.

Afurðir vinnslunnar verða hauggas sem inniheldur að meðaltali 70% metan og 30% koldíoxíð. Gasið verður leitt í hreinsistöð fyrir hauggas þar sem það verður hreinsað og síðan selt sem metan. Önnur afurð vinnslunnar er jarðvegsbætir, sem myndast við jarðgerðina sem inniheldur umtalsvert magn áburðarefna sem megi nota sem yfirlag á urðunarstaðinn, til landmótunar í þéttbýli eða til uppgræðslu.

Fram kemur að enginn fljótandi úrgangur myndist í gas- og jarðgerðarstöðinni. Rigningar- og afrennslisvatni verði safnað úr mannsvirkjum stöðvarinnar og leitt um olíuskilju með sandfangi til safngeymis, þaðan sem því verður dælt upp í núverandi urðunarreinar.

Áhrif á gróður. Fyrirhuguð lóð fyrir gas- og jarðgerðarstöð er að mestu malarplan og mun uppbygging stöðvarinnar því hafa óveruleg áhrif á gróður.

Áhrif á ásýnd. Fram kemur að sökum þess að sýnileiki mannvirkja er takmarkaður séu áhrif á ásýnd frá Leirvogstungu og Mosfellsbæ sunnan Leiruvogs talin óveruleg.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að fuglalíf í Álfsnesi sé nokkuð fjölbreytt. Fram kemur í skýrslu um fugla og gróður í Álfsnesi að hlífa þurfi tjörninni við Nesvík gegn mengun og allri truflun á varptíma fugla þar sem fuglalíf er fjölskrúðugt á tjörninni og í mýrlendi umhverfis hana, sem og á malarkambi milli tjarnar og sjávar. Þar sem ekki er fyrirséð að starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvar muni menga tjörnina né hafa áhrif á fuglavarp er talið að áhrif verði óveruleg.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að engar þekktar fornleifar séu innan þeirrar lóðar sem ætluð er fyrir gas- og jarðgerðarstöðina og áhrif því talin óveruleg á fornleifar. En huga þurfi að rúst nr. 151: 1 sem er rétt austan lóðamarka og talin hafa talsvert minjagildi.

Áhrif á loftgæði. Fram kemur að með þeim mótvægisáðgerðum sem áformaðar eru við framleiðsluferilinn sé talið að áhrif fyrirhugaðrar gas- og jarðgerðarstöðvar á loftgæði verði óveruleg. Jafnframt er talið að lyktarmengun minnki frá því sem nú er frá starfsemi SORPU í Álfsnesi þar sem draga mun úr umsýslu og urðun lífræns úrgangs.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að samþykkt hafi verið breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 þar sem gert er ráð fyrir að núverandi urðunarsvæði í Álfsnesi geti tekið við sorpi til ársins 2024 enda verði unnið í samræmi við markmið laga um meðhöndlun úrgangs og markvisst dregið úr urðun úrgangs. Til að ná þeim markmiðum er gert ráð fyrir byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í grennd við núverandi urðunarstað. Starfsemi hennar í Álfsnesi getur haldið áfram þó hætt verði frekari urðun í Álfsnesi. Samkvæmt skipulaginu verður val á framtíðar urðunarsvæði viðfangsefni heildarendurskoðunar svæðisskiplagsins.

Unnið er að heildarendurskoðun svæðisskiplagsins sem áætlað er að taki gildi í byrjun árs 2015.

Borgarstjórn hefur samþykkt tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þar sem gert er ráð fyrir iðnaðarsvæði fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi í samræmi við framangreinda breytingu á svæðisskiplaginu.

Samkvæmt samþykktri breytingu á deiliskipulagi frá mars 2006 er urðunarsvæðið 34 ha. Í samráði við Reykjavíkurborg vinnur SORPA að undirbúningi á útfærslu deiliskipulags fyrir gas- og jarðgerðarstöðina.

Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd sé tilkomin vegna stefnu um að draga úr urðun lífræns úrgangs og sem mótvægisáðgerð til að draga úr lyktarmengun frá urðunarstaðnum í Álfsnesi. Framkvæmdin byggir á eigendasamkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um fyrirkomulag framtíðarlausnar við meðhöndlun og förgun úrgangs.

Fram kemur að framkvæmdaraðili telur að gas- og jarðgerðarstöð muni hafa óveruleg áhrif á fornleifar, fuglalíf og gróður. Jafnframt eru áhrif á ásýnd talin óveruleg frá íbúðarbyggð í Leirvogstungu og golfvelli sunnan Leiruvogs. Í ljósi mótvægisáðgerða eru áhrif á loftgæði talin óveruleg og talið að lyktarmengun minnki frá því sem nú er frá starfssemi SORPU í Álfsnesi.

Byggt á umfjöllun um framkvæmdina, staðhætti og umhverfisáhrif hér að framan er dregur framkvæmdaraðili þá ályktun að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur í umsögnum Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum með vísan í tölulíð 1 l iii. (nýting náttúruauðlinda) og iv. (úrgangsmýndun) í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, en að öðru leyti þurfi ekki að láta framkvæma mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn **Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur** kemur fram að heilbrigðiseftirlitið telji að umrædd framkvæmd hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum, en bendir á nokkur atriði sem betur hefðu mátt koma fram í tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Í fyrsta lagi telur heilbrigðiseftirlitið að móttaka fyrir almennan heimilisúrgang hefði átt að vera lokuð á meðan bílar skila af sér úrgangi líkt og í móttökuhúsi fyrir lyktsterkan úrgang til að draga úr lyktarmengun. Þá bendir heilbrigðiseftirlitið á að einungis er fjallað um mögulega lyktarmengun á golfvelli og þéttbýlissvæði í Leirvogstungu en einnig hefði þurft að taka með íbúðarhús á Álfsnesi. Einnig að í umfjöllun um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar hefði einnig átt að taka tillit til sýnileika hennar frá svæði Reykjavíkur, ekki aðeins frá Mosfellsbæ. Hvað varði hugsanlega byggingu stromps þá telur heilbrigðiseftirlitið að æskilegra sé að hreinsa útblástursloft í stað þess að reisa stromp þar sem byggð í nágrenni er viðkvæm fyrir öllum áhrifum starfseminnar, s.s. sjónrænum áhrifum.

Framkvæmdaraðili áréttar í svari sínu að hönnun stöðvarinnar muni byggja á þeim skilyrðum sem samþykkt voru í eigendasamkomulagi og tilgreind eru í greinargerð um framkvæmdina. Meðal skilyrða er að móttökurými verða yfirbyggð og lokuð, með millirými þannig að ekki sé opið beint úr vinnslurými og út til að koma í veg fyrir að lykt úr vinnslurými geti borist út í andrúmsloftið. Það á við um bæði um móttöku fyrir lyktsterkan úrgang og almennan heimilisúrgang. Þá svarar framkvæmdaraðili því til að umfjöllun um lykt í greinargerðinni sé almenn og ekki bundin við ákveðin svæði. Hann tekur undir athugasemd heilbrigðiseftirlitsins um að æskilegra sé að hreinsa loft með öðrum leiðum en strompum enda sé gengið út frá því að við stöðina verði útblástur hreinsaður með lífrænum síum og að tveggja þrepa hreinsun verði á útblæstri frá lyktsterkum úrgangi.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur einnig fram að í greinargerð framkvæmdaraðila sé tilgreint dæmigert efnainnihald í jarðvegsbæti sem verkaður er eftir Aikan aðferð, en engin umfjöllun sé um mögulegt þungmálmmainnihald moltunnar, sérstaklega í ljósi þess að verið er að fjalla um jarðgerð blandaðs heimilisúrgangs. Framkvæmdaraðili greinir í svörum sínum frá dæmigerðu þungmálmmainnihaldi í moltu frá Aikan stöð í Danmörku, en ekki er víst að sambærilegt þungmálmmainnihald verði hér vegna annars uppruna og hugsanlega annarrar samsetningar hráefnis. Einnig vill framkvæmdaraðili minna á að tekið er á vöktun í starfsleyfi, sem sótt verður um á síðari stigum við undirbúning stöðvarinnar. Í starfsleyfi er kveðið á um sýnatöku og viðmiðunarmörk.

Í umsögn **Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis** eru gerðar almennar athugasemdir við aðferðafræði meðhöndlunar sem fela í sér gagnrýni á nokkur atriði. Í fyrsta lagi telur heilbrigðiseftirlitið að í raun sé ekki dregið úr myndun úrgangs og því sé framkvæmdin ekki í samræmi við íslenska úrgangslöggjöf, þar sem aðferðin felur ekki í sér neyslustýringu og hvetur ekki til breyttar neysluhegðunar eða meðvitundar um úrgang. Sú aðferðafræði sem kynnt er í greinargerð framkvæmdaraðila muni leiða til þess að myndun úrgangs mun áfram haldast í hendur við hagvöxt í landinu, þar sem ekki er reynt með neinu móti að koma í veg fyrir myndun úrgangsins, þó svo að magn sem fer til urðunar minnki vegna gasgerðar og jarðgerðar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020 sé sett fram áætlun og aðgerðir fjögurra sorpsamlaga. Þær tillögur sem settar eru fram í svæðisáætluninni miða að því að ná þeim tölulegu markmiðum sem sett eru fram í lögum og reglugerð um meðhöndlun úrgangs og landsáætlun Umhverfisstofnunar. Jafnframt miða tillögurnar að því að uppfylla þá stefnu sorpsamlaganna sem sett er fram í áætluninni um að eftir 2020 verði engin lífræn eða brennanleg efni urðuð á starfssvæði samlaganna. Tillögur svæðisáætlunar fela í sér blandaða lausn. Stefnt er að því að draga úr myndun úrgangs í starfsemi sveitarfélaganna, auka endurnýtingu og endurnotkun, en meðhöndla lífrænan úrgang með umhverfisvænum og hagkvæmum gas- og jarðgerðarstöðvum eins og fært er. Jafnframt felst í stefnunni að framleiða brenni eða brenna brennanlegum úrgangi til að nýta orkuna í stað orku úr innfluttu jarðefnaeldsneyti og til að auka nýtingu urðunarstaða. Fyrirhuguð framkvæmd í Álfsnesi uppfyllir framangreint þar sem lífrænn úrgangur verður meðhöndlaður í gas- og jarðgerðarstöð. Gas- og jarðgerð eru ein af þeim tillögum sem nefndar eru í framangreindri svæðisáætlun. Fyrirhuguð framkvæmd er því í fullu samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020, landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og lög og reglur er varða úrgangsmál. Ekki er því tekið undir að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki í samræmi við íslenska úrgangslöggjöf.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis bendir einnig á í umsögn sinni að unnt sé að framleiða meira metan með öðrum aðferðum en fyrirhuguð er á Álfsnesi, meðal annars ef sveitarfélögin hefðu tekið þá ákvörðun að vinna metan úr hreinum lífrænum úrgangi, sem skiluðu sér í stórbættri nýtingu kolefnis úr úrganginum.

Framkvæmdaraðili svarar því til að fram hafi farið greining á mismunandi aðferðum til að draga úr urðun lífræns úrgangs með gas- og jarðgerð. Ákveðið var að velja þá leið sem kynnt er í greinargerð með tilkynningu umfram votvinnslu sem heilbrigðiseftirlitið lýsir í umsögn sinni. Votvinnsla hefur meiri nýtni m.t.t. metangasframleiðslu, en minna mengi úrgangs nýtist til framleiðslunnar og því þyrfti að finna annan farveg fyrir þann úrgangsstraum sem ekki færi í votvinnslu. Einnig myndast fljótandi meltuvökvi við votvinnslu sem þyrfti að meðhöndla.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis telur að framkvæmdin sé ekki í samræmi við ákvæði tilskipana EB sem fjalla um meðhöndlun úrgangs, þar sem úrgangsförvarnir spila stórt hlutverk. Um úrgangsförvarnir sé fjallað í frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi. Þar kemur fram að við meðhöndlun úrgangs og setningu reglna um stjórnun og stefnu í úrgangsmálum skuli forgangsraða þannig að fyrst komi úrgangsförvarnir, næst komi undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnsla og komi þessir ferlar á undan endurnýtingu s.s. orkuvinnslu og förgun. Það skuli leitast við að velja þá kosti sem skila bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið. Heilbrigðiseftirlitið telur að við ákvörðun um meðhöndlun úrgangs frá höfuðborgarsvæðinu sé nauðsynlegt að horfa til frumvarpsins.

Framkvæmdaraðili bendir á í svörum sínum að í fyrirhugaðri gas- og jarðgerðarstöð verði tekið á móti þeim lífræna úrgangi sem fellur til að loknum þeim aðgerðum sem farið verður í á grundvelli svæðisáætlunar til að draga úr myndun úrgangs. Í stöðinni verður úrgangurinn nýttur til að framleiða metangas og jarðvegsbæti. Með þeirri endurnýtingu á úrgangi sem til fellur er verið að stunda úrgangsförvarnir. Stöðin er aðeins einn liður í þeim aðgerðum sem unnið er að til að draga úr magni

Þess úrgangs sem annars færi til endanlegrar förgunar og draga úr notkun annarra innfluttra afurða. Ekki er því tekið undir að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki í samræmi við tilskipun EB og fyrirhugaðar lagabreytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis telur að nýtingarmöguleikar moltunnar séu hugsanlega ekki miklir ef horft er til hreinleika efnisins, offramboðs á dýraskít á suðvesturhorninu og kostnaði við flutninginn. Einnig megi velta fyrir sér hvort hægt sé að líta svo á að hluti moltunnar verði í raun urðaður á staðnum, þar sem þykkt er smurt yfir hauginn.

Framkvæmdaraðili tekur fram í svörum sínum að stefnt sé að því að jarðverðsbætirinn verði nýttur sem mest annars staðar en á urðunarstaðnum í Álfsnesi í samræmi við skilyrði eigendasamþykktar sem listuð eru upp í inngangi greinargerðar. Samkvæmt eigendasamþykktinni er jafnframt stefnt að því að hætt verði að urða í Álfsnesi innan 4-5 ára frá undirritun hennar. Eftir meðhöndlun í stöðinni telst jarðvegsbætirinn óvirkur og telst það því ekki urðun á lífrænum úrgangi að nýta jarðvegsbætinn sem yfirlag.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis kemur fram sú niðurstaða að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum vegna liðar 1 iii. (nýting náttúruauðlinda) og liðar iv. (úrgangsmýndun) sem tilgreindar eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn **Mosfellsbæjar** kemur fram að mikilvægt sé að komið verði upp vöktunarbúnaði til að mæla lyktarmengun og aðra mengun frá starfsemi. Fram fari eftirlit óháðs aðila með þeirri starfsemi sem fram fer í Álfsnesi, s.s. verkfræðistofu sem fylgist sérstaklega með atriðum sem snúa að lyktarmengun og ónæði fyrir íbúa í nágrenni. Farið verði í framkvæmdir við landmótun og trjárækt í kringum athafnasvæði SORPU bs. þannig að sjónrænna áhrifa frá urðunarstaðnum og gas- og jarðgerðarstöð gæti sem minnst frá nálægðri byggð. Ákvæði starfsleyfis frá heilbrigðiseftirliti verði ítarleg og skýr þar sem tilgreind séu nauðsynlegar mengunarvarnir, s.s. til að koma í veg fyrir lyktarmengun og mengun í jarðvegi og sjó.

Þá ítrekar Mosfellsbær mikilvægi þess að áformuð urðun í Álfsnesi við hlið nýrrar jarð- og gasgerðarstöðvar verði hætt í samræmi við samkomulag sem gert var á vettvangi sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins. Í samþykktum ESB um meðhöndlun úrgangs kemur einnig fram að eingöngu megi urða 5% þess úrgangs sem fellur til árið 2020 og að urðun lífræns úrgangs skuli alfarið hætt árið 2021.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar telur í umsögn sinni að bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fyrir því liggja fyrst og fremst tvær ástæður. Í fyrsta lagi er fyrirséð að markmiðum um að hætta urðun á lífrænum úrgangi verði náð með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi á vormánuðum 2016 eins og stefnt er að með tilheyrandi umhverfislegum ávinningi. Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð framkvæmd uppfylli markmið um að hætta að urða lífrænan úrgang sem koma fram í gildandi Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðvesturland og Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og vinni í átt að markmiðum sem koma fram í landsáætluninni um að heildarurðun skuli vera undir 5% af tilfallandi úrgangi eftir 2025. Í öðru lagi eru líkur á að framkvæmdin verði til þess að varanlegur árangur verði í að draga úr lyktarmengun meðhöndlunar og urðunar úrgangs í Álfsnesi sem hefur lengi verið umkvörtunarefni sérstaklega frá íbúum Mosfellsbæjar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar bendir þó á nokkur atriði sem séu mikilvæg í hönnun, byggingu og rekstri nýrrar jarð- og gasgerðarstöðvar. Gert sé ráð fyrir forvinnslu úrgangsins í Gufunesi áður en hann verður fluttur til meðhöndlunar í Álfsnesi. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er athafna- og iðnaðarsvæðið á Gufunesi skilgreint sem Þróunarsvæði (Þ88). Þar er gert ráð fyrir

starfsemi sem almennt fellur undir skilgreiningu athafna- og iðnaðarsvæða út skipulagstímabilið. Iðnaðarstarfsemi á svæðinu er víkjandi en gert er ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og þrífalegri atvinnustarfsemi á svæðinu í framtíðinni, því gæti komið til þess að finna þurfi forvinnslu úrgangsins annan stað. Við nánari útfærslu gas- og jarðgerðarstöðvarinnar í deiliskipulagi svæðisins er mikilvægt að lágmarka sjónræn áhrif í landi Reykjavíkur sem og annarstaðar. Þá bendir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar á að fyrirhuguð meðhöndlun úrgangsins skapar óvissu um hversu mengunarlaust moltan verður á endanum, m.a. þar sem ekki liggur fyrir hvernig aðskotahlutir skuli aðskildir frá moltunni og hversu hrein moltan verður. Nauðsynlegt er að meðhöndlun úrgangsins takmarki ekki notkunarmöguleika efnisins og að markvisst verði unnið að því að það verði nýtt með sem ákjósanlegustum hætti. Þá sé mikilvægt að auk aðgerða á svæðinu verði lyktarmengun á svæðinu vöktuð eins og önnur mengun frá starfseminni auk þess sem upplýsingagjöf til íbúa verði sinnt komi til slíkrar mengunar. Áréttað er að taka þarf sérstakt tillit til náttúru á svæðinu á framkvæmdartíma og eftir að gas- og jarðgerðarstöðin tekur til starfa. Gæta þarf sérstaklega að mengun við Nesvík og tjörnina við botn hennar og tryggja þarf að varpi fugla sé ekki ógnað.

Framkvæmdaraðili tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í framangreindum atriðum og leggur áherslu á að áfram verði unnið að þróun gas- og jarðgerðar, notkun framleiðsluafurða úr gas- og jarðgerðarstöð, flokkun og nýtingu úrgangs í samráði við eigendur sína, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við samþykka svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem allir eigendur SORPU bs. hafa staðfest.

Í umsögn **Umhverfistofnunar** kemur fram að með tilkomu stöðvarinnar muni draga úr urðun lífræns úrgangs í Álfsnesi. Það muni leiða til þess að lyktarmengun frá urðunarstaðnum mun minnka og að gasmyndun í haugnum muni fjara út á næstu áratugum. Hér sé um framkvæmd að ræða sem auka mun endurnýtingu með því að meðhöndla lífrænan úrgang með umhverfisvænum hætti. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi, Reykjavík. Gert er ráð fyrir því að gas- og jarðgerðarstöðin geti tekið á móti allt að 30 þúsund tonnum af formeðhöndluðum heimilisúrgangi og 5-10 þúsund tonnum af fljótandi lífrænum úrgangi frá matvælaíðnaði á ári. Einnig er gert ráð fyrir að í stöðinni megi jarðgera lyktarsterkan úrgang í sérstöku kerfi.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 j. endurvinnslustöðvar í 2. viðauka laga mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með seinni breytingum.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð gas- og jarðgerðarstöð sé í eðli sínu framkvæmd sem felur í sér förgun á minni úrgangi í Álfsnesi en nú og betri nýtingu á þeim lífræna úrgangi sem til fellur, auk þess að draga úr þeirri lyktarmengun sem til staðar er í dag. Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar verða sjónræns eðlis þ.e. sé horft frá íbúðabyggð í Leirvogstungu og golfvelli sunnan Leiruvogs, en þó óveruleg. Staðsetning framkvæmdarinnar er í samræmi við landnotkun samkvæmt skipulagi. Framkvæmdin felur ekki í sér röskun eða aukið álag á verndarsvæði og áhrif á gróður, fuglalíf og menningarminjar verða óveruleg.

Skipulagsstofnun getur tekið undir þá athugasemd Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um að leggja beri áherslu á úrgangsförvarnir í úrgangsmálum. Skipulagsstofnun er hins vegar ljóst að til þess að uppfylla þau markmið sem sett hafa verið í áætlunum sem snúa að úrgangsmálum þarf að fara mismunandi leiðir, m.a. hvað varðar meðhöndlun og mögulega nýtingu á lífrænum úrgangi. Bygging gas- og jarðgerðarstöðva er ein þeirra leiða, en hún á ekki að leiða til þess að minni áhersla verði lögð á það mikilvæga markmið að draga sem mest má úr úrgangsmýndun.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu SORPU bs. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð SORPU bs. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hvorki hvað varðar eðli framkvæmdarinnar, staðsetningu, né eiginleika áhrifa, sbr. viðmið 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingarleyfi Reykjavíkurborgar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 7. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Áður en leyfi eru veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur og deiliskipulag sem gerir ráð fyrir framkvæmdinni. Annað hvort þarf að vinna deiliskipulag vegna uppbyggingar gas- og jarðgerðarstöðvar eða gera breytingar á fyrirbyggjandi deiliskipulagi urðunarstaðar í Álfsnesi áður en leyfi fyrir framkvæmdum verða veitt. Deiliskipulag fyrir gas- og jarðgerðarstöðina fellur undir skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að SORPA bs. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 með seinni breytingum má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. mars 2014.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson

Skipulagsstofnun